

Skólaráðsfundur 16. mars 2020

Fjarfundur – takmörkun á skólahaldi vegna Covid-19

Mættir:

Björg Baldursdóttir skólastjóri, Sigríður Þrúður Stefánsdóttir og Aðalsteinn Möller fulltrúar foreldra, Örn Guðmundsson fulltrúi grenndarfélagsins, Rósa Björk Guðnadóttir og Helga Ágústsdóttir fulltrúarkennara, Iðunn Haraldsdóttir fulltrúi starfsmanna

Efni fundarins er áætlun um skólahald á meðan á takmörkun stendur

1. Efling er enn í verkfalli og ekki komin boð um næsta samningafund. Alls fjórir skólar í Kópavogi lokaðir vegna þessa. Skólastjórar þeirra skóla hafa sótt um undanþágu og bíða svara.

2. Skólastjórnendur í Kársnesskóla búnir að setja upp áætlun um skólahald í takmörkun sem tekur þá gildi þegar verkfalli lýkur, með fyrirvara um breytingar eftir því hvernig takmörkun vindur fram.

Staðan verður tekin og skipulögð frá degi til dags.

Kennurum hefur verið raðað niður í teymi fyrir hvern árgang, sérkennarar halda utan um ákveðna nemendur í samstarfi við umsjónarkennara.

Íþrótt-, list- og verkgreinakennurum hefur verið raðað niður á teymi.

1. – 2. bekkur

Samfelldur skóli og frístund frá 8:10 – 14, inni í því er matartími.

Nemendur koma með nesti fyrir nestistíma en fá mat úr mötuneyti í hádeginu (skammtað í skólastofu).

3. – 5. bekkur í skóla frá 8:0 – 12

6. – 10. bekkur í fjarnámi, hver nemandi kemur í skólann á hverjum degi í a.m.k. 30 mín.

Nemendur koma í 5 – 10 manna hópum skv. skipulagi kennara.

Skólastjórnendur funda með kennarateyimum þriðjud. 17. mars og þá mun skipulagið verða ítarlegra. Skólastjóri heldur áfram að senda upplýsingar til foreldra.

Fyrirspurn frá foreldri; geta kennarar verið í meiri samskiptum við nemendur?

- Verkfallið gerir kennurum erfitt að hitta að nemendur og samskiptin fara því í gegnum Mentor.is og Google Classroom. Þegar verkfalli lýkur munu kennarar hitta alla nemendur á hverjum degi og þá verður auðveldara að halda utan um hvert barn.
- Kennarar eru núna að setja upp Google-Meets til að geta sett upp fjarfundi með nemendum, en það er ekki fyrr en eftir verkfall sem við getum tryggt að allir nemendur verði komnir með forrit upp í sín spjöld.

Mikilvægt að halda vel utan um kennara og annað starfsfólk ekki síður en nemendur.

Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri skráði fundargerð